

MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM SAMKVÆMT LÖGUM NR. 63/1993 VEGNA FLJÓTSDALSLÍNU 1, FRÁ FLJÓTSDALSVIRKJUN AÐ VEGGJAFELLI

NÍÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR OG ÚRSKURÐUR SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS

1. INNGANGUR

Skipulagsstjóri ríkisins hefur fengið til frumathugunar Fljótsdalslínu 1, frá Fljótsdalsvirkjun að Veggjafelli, samkvæmt lögum nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdaraðili: Landsvirkjun.

Framkvæmd kynnt í frummatsskýrslu: Fljótsdalslína 1, frá Fljótsdalsvirkjun að Veggjafelli. Um er að ræða 220 kV háspennulínu frá Fljótsdalsvirkjun að Veggjafelli ásamt vegslóða með línunni. Fyrirhuguð lega línunnar er frá munna aðkomuganga Fljótsdalsvirkjunar í Norðurdal upp á brún Teigsbjargs, þaðan milli Hólmavatns og Garðavatns vestur fyrir Þverfell. Þar sveigir línan til norðurs í stefnu að Kröflulínu 2 (byggðalínu) og liggur samhliða henni yfir Fljótsdalsheiði, Jökuldalsheiði og Möðrudalsfjallgarð. Við Sauðafell sveigir hún til vesturs frá byggðalínu og liggur um þremur km norðan við bæjarhúsin í Möðrudal, sunnan Sandfells, og þverar Jökulsá á Fjöllum sunnan Lambafjalla og norðan Miðfells. Þaðan tekur línan vestlæga stefnu að Veggjafelli.

Samkvæmt lögum um raforkuver nr. 60/1981 er heimild fyrir 210 MW virkjun í Jökulsá í Fljótsdal, Fljótsdalsvirkjun. Fljótsdalsvirkjun hefur virkjunarleyfi með bréfi frá iðnaðarráðherra dagsettu 24. apríl 1991.

Línuleið Fljótsdalslínu 1 frá Veggjafelli til Akureyrar var staðfest af umhverfisráðherra 20. apríl 1994.

Markmið framkvæmdar: Markmið með framkvæmdinni er að flytja raforku frá Fljótsdalsvirkjun til suður- og norðurlands. Fljótsdalslína 1 mun tengjast meginflutningslínu til suðurlands, Búrfellslínu 4, í tengivirki við Svartáarkot og raforkukerfinu á norðurlandi í tengivirki á Rangárvöllum við Akureyri. Markmið Landsvirkjunar með lagningu háspennulína milli landsfjórðunga er einkum þríþætt: Að flytja raforku stystu leið frá virkjunum til notenda, tengja saman virkjunarsvæði landsins með betri nýtingu í huga og að auka öryggi í orkudreifingu.

Frumathugun: Framkvæmdin var tilkynnt til embættis skipulagsstjóra ríkisins af Landsvirkjun þann 21. júní 1995 og frummatsskýrsla lögð fram. Framkvæmdin var formlega móttækin af embætti skipulagsstjóra ríkisins með bréfi til

Landsvirkjunar þann 27. júní 1995. Framkvæmdin var auglýst opinberlega þann 5. júlí 1995 í Lögbirtingablaðinu og Morgunblaðinu og þann 6. júlí 1995 í Austra. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 5. júlí til 10. ágúst 1995 hjá embætti skipulagsstjóra ríkisins, Reykjavík, á skrifstofum Egilsstaðabæjar og Skútustaðahrepps, í Dalakaffi, Jökuldal og hjá oddvita Fljótsdalshrepps. Á kynningartíma bárust athugasemdir frá 451 aðila. Leitað var umsagnar 11 opinberra umsagnaraðila: Sveitarstjórna Fljótsdals-, Jökuldals- og Skútustaðahrepps, Ferðamálaráðs Íslands, Landgræðslu ríkisins, Náttúruverndarráðs, Rafmagnseftirlits ríkisins, Rafmagnsveitna ríkisins, Vegagerðarinnar, Veiðistjóraembættisins og Þjóðminjasafns Íslands.

Gögn lögð fram við frumathugun:

Frummatsskýrsla:

Fljótsdalslína 1. Fljótsdalsvirkjun - Veggjafell. Frummat á umhverfisáhrifum. Hönnun hf., Línuhönnun hf. og Landsvirkjun, verkfræðideild, júní 1995.

Fylgirit:

Fljótsdalslína 1. Fljótsdalsvirkjun - Veggjafell. Frummat á umhverfisáhrifum. Fylgirit. Loftmyndir af línustæði í mælikvarða ca. 1:10.000. Hönnun hf., Línuhönnun hf. og Landsvirkjun, verkfræðideild, júní 1995.

2. UMSAGNIR

Leitað var umsagnar **sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps** með bréfi dagsettu 28. júní 1995, ítrekað með símbréfi 11., 22. og 25. ágúst 1995, og barst umsögn þann 31. ágúst 1995 með bréfi dagsettu 30. ágúst 1995. Þar segir meðal annars:

„Sveitarstjórnin gerir sérstaka athugasemd við útfærslu línunnar í Norðurdal frá stöðvarhúsi á fjallsbrún og útrekar fyrri ályktanir um að á þeim kafla verði hún sett í jörð. Sveitarstjórnin telur línuna í heild hafa meiri sjónmengandi áhrif en skýrslan gefur til kynna og bendir á vaxandi ferðamannastraum á því svæði sem hún liggur um. Að öðru leyti telur sveitarstjórnin skýrsluna gefa nokkuð góða mynd af umhverfisáhrifum línunnar.“

Umsögnin var send Landsvirkjun með símbréfi 31. ágúst 1995.

Leitað var umsagnar **sveitarstjórnar Jökuldalshrepps** með bréfi dagsettu 28. júní 1995 og barst umsögn með bréfi dagsettu 14. ágúst 1995. Þar segir meðal annars:

„Sveitarstjórn Jökuldalshrepps samþykkir fyrirhugaða skipulagstillögu að Fljótsdalslínu 1 sem legið hefur frammi hér í hreppi að undanförunu til kynningar, án athugasemdar.“

Umsögnin var send Landsvirkjun með símbréfi 15. ágúst 1995.

Leitað var umsagnar **sveitarstjórnar Skútustaðahrepps** með bréfi dagsettu 28. júní 1995, ítrekað með símbréfi 11. ágúst 1995, og barst umsögn með bréfi dagsettu 25. ágúst 1995. Þar segir meðal annars:

„Línulögn frá Svartárkoti um Veggjafell að Jökulsá á Fjöllum hefur verið samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

Sveitarstjórn lítur svo á að umsögn um umhverfismat fyrir þegar samþykktá framkvæmd líti fremur að því að lágmarka umhverfisáhrif með leiðbeiningum um tilhögun framkvæmda. Álit hennar á við alla línuleiðina um Skútustaðahrepp þótt strangt tekið sé hún aðeins að fjalla um spottann frá Veggjafelli að Jökulsá.

Sveitarstjórn telur að umhverfisáhrif háspennulínu geti ekki verið önnur en neikvæð.

Háspennulína á þessari línuleið breytir ímynd alls svæðisins sem öræfum án mannvirkja og með jarðmyndunum og ásýnd sem einkennir virkt eldfjallasvæði.

Í frummatinu er ekki gerð nægjanleg grein fyrir verðmæti og hugsanlegri landnotkun á þessu svæði til útivistar og ferðaþjónustu.

Gera þarf nánari grein fyrir vegalögn (línuvegi). Mikilvægt er að vegurinn falli vel að landinu og fylgi landslagi fremur en vera beint strik með raflínunni.

Hugsanlegar mótvægisáðgerðir:

- a) Leggja línuna í jörð þar sem hún þverar aðal umferðarleið ferðamanna inn á þessi öræfi sem er um Öskjuveg og Kverkfjallaveg.*
- b) Flutningur á byggingarefni, þ.e. undirstöðum og stálvirki í hluta línunnar frá Jökulsá að Svartárkoti verði í lofti til að draga úr raski vegna vegagerðar eins og kostur er.“*

Umsögnin var send Landsvirkjun með bréfi dagsettu 25. ágúst 1995 með ósk um svör við þeim atriðum sem fram koma í bréfi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps. Í bréfi **Landsvirkjunar** dagsettu 25. ágúst 1995 segir meðal annars:

„1. Að leggja jarðstreng í stað línunnar þar sem hún þverar umferðarleiðina í Kverkfjöll á t.d. 5 km kafla mun kosta 500-600 Mkr umfram kostnað við hefðbundna loftlínu.

Mikil röskun verður á umhverfi við það að leggja línuna í jörðu. Grafa þarf og líklega sprengja fyrir strengjunum í sérbúna skurði í hrauninu og jafna undir hann á löngum vegalengdum. Hugsanlegt er að byggja verði lagnastokka á ákveðnum hlutum leiðarinnar. Vegagerð verður síst minni með þessari útfærslu þar sem efnisflutningar á km eru margfalt meiri með jarðstreng en með hefðbundinni loftlínu.

- 2. Línuvegir eru aldrei lagðir beina línu meðfram háspennulínunum í landi sem hér um ræðir, heldur þræða þeir heppilegustu leið um landið innan ákveðinna fjarlægðarmarka frá línunni. Oft þarf því að leggja legg frá vegslóð að mastri þar sem lega slóðar er í einhverri fjarlægð.*

3. Aðflutningur efnis í lofti er útilokaður frá kostnaðarlegu sjónarmiði. Að auki ber að nefna að vegslóð er nauðsynleg til að komast að möstrum eftir að línun hefur verið reist. Vegslóðir í hraunum eins og þarna háttar til er víða að finna og fer að flestra álitum afar lítið fyrir þeim, enda þarf að öðru jöfnu lítið að raska landi þar vegna þungaflutninga samanborið við flutninga um gróið land.“

Leitað var umsagnar **Ferðamálaráðs Íslands** með bréfi dagsettu 28. júní 1995, ítrekað með símbréfi 11. ágúst 1995, og barst umsögn með bréfi dagsettu 15. ágúst 1995. Þar segir:

„Framkvæmdastjórn ráðsins hefur á fundi sínum samþykkt eftirfarandi:

Hvað varðar vegagerð og línulögn um umrætt svæði vill Ferðamálaráð hvetja til þess að háspennulínur verði lagðar í jörðu vegna þeirrar sjónmengunar sem af háspennumannvirkjum hlýst.

Sjónmengun rýrir ávallt gildi lands fyrir ferðamenn.“

Umsögnin var send Landsvirkjun með símbréfi 15. ágúst 1995 með ósk um álit Landsvirkjunar á hugmynd Ferðamálaráðs um jarðstreng. Í bréfi **Landsvirkjunar** dagsettu 22. ágúst 1995 segir meðal annars:

„Lagning 220 kV háspennulínu í jarðstreng er margfalt dýrari en bygging jafnlangrar háspennulínu. Samkvæmt reynslu norðurlandahjóða má reikna með að við aðstæður eins og hér háttar til sé jarðstrengur 6-7 falt dýrari en loftlína, þannig nemur meðalkostnaður við Fljótsdalslínu 1 um 16 Mkr/km, en jarðstrengur myndi kosta um 100 Mkr/km. Væri þessi 88 km leið lögð í jarðstreng, má reikna með að umframkostnaður væri um 7,4 miljarðar króna. Jafnframt er rétt að benda á að einnig verður töluverð röskun á landi því þar sem jarðstrengur með svo hárru spennu yrði lagður. Á kaflanum um Ódáðahraun þyrfti að jafna hraunið undir strenginn til að fá jafna hæðarlegu hans. Ennfremur er líklegt að leggja þyrfti strenginn í steiptan stökk mjög víða þannig að mannvirkjagerð og rask í landi yrði langtum meiri og ylli því meiri skemmdum á landinu en vegslóð, sem fylgir gerð háspennulínu.

Loks má benda á að ýmis raftæknileg vandkvæði fylgja rekstri á löngum jarðstreng við jafn háa spennu og hér um ræðir.“

Leitað var umsagnar **Landgræðslu ríkisins** með bréfi dagsettu 28. júní 1995 og barst umsögn Sveins Runólfssonar, landgræðslustjóra, með bréfi dagsettu 24. júlí 1995. Þar segir:

„Undirritaður f.h. Landgræðslu ríkisins, telur að umrædd skýrsla geri útarlega og góða grein fyrir umhverfisáhrifum af fyrirhugaðri Fljótsdalslínu 1 og varða verksvið Landgræðslunnar. Varðandi mótvægisáðgerðir er líta að gróðurfari, þá er vísað til bréfs stofnunarinnar frá 22. maí sl.

[Innskot sk.r.: Í ofanefndu bréfi Landgræðslu ríkisins til Landsvirkjunar, dagsettu 22. maí 1995, segir:

„1. Milli Jökulsár á Fjöllum og Svartárkots í Bárðardal bíða mikil landgræðsluverkefni, fyrst og fremst við stöðvun sandfoks. Reikna má með að vegslóð með línunni komi þar að góðum notum, sérstaklega við sameiginlegt verkefni LV og LR um heftingu sandfoks í Krákárbotnum.

2. Miklu máli skiptir að sem minnst rask fylgi gerð vegarins því landið er viðkvæmt, bæði með tilliti til sandfoks og ásýndar.

3. Varðandi frágang sára meðfram línunni gildir sjálfsagt misjafnt frá einum stað til annars. Því er erfitt að veita almenna umsögn, en ljóst er að um nokkra sáningu grasfræs og melgresis gæti orðið að ræða. Fella þarf slíka sáningu sem best að umhverfinu, m.a. með tegundavali.

Við erum reiðubúnir til að veita ráðgjöf um frágang jarðvegssára með tilliti til hættu á jarðvegs- og gróðureyðingu.“]

Rétt er þó að benda á eftirfarandi atriði til athugunar, en ekki sem meginathugasemdir:

1. Í kafla 7.2 á bls. 52 er getið um að gróður á Fljótsdals- og Jökuldalsheiði sé „samfelldur og vel á sig kominn“. Sú fullyrðing stenst þó varla sbr. myndir í skýrslunni á bls. 45-48, og er ekki í samræmi við mat undirritaðs.

2. Í sama kafla er gert ráð fyrir að sá „hefðbundinni grasfræblöndu“ og borið verði á tilbúinn áburður fyrstu tvö árin eftir sáningu.

Þar sem línan fer víða yfir gróid land í all mikilli hæð yfir sjávarmáli þá er ekki ráðlegt að nota hefðbundna grasfræblöndu, þ.e. sem ætluð er til túnræktar. Landgræðslan hefur áður boðið fram faglega aðstoð og í skýrslunni kemur fram á bls. 17 að hún verði vel þegin. Æskilegt er við þessar aðstæður að notað verði grasfræ af sérvöldum stofnum til endurgræðslu vegna gróðurasks. Að þremur árum liðnum frá áburðargjöf ætti að meta gróðurframvindu og áburðarþörf.“

Umsögnin var send Landsvirkjun með símbréfi 25. júlí 1995.

Leitað var umsagnar **Náttúruverndarráðs** með bréfi dagsettu 28. júní 1995 og barst umsögn með bréfi dagsettu 26. júlí 1995. Þar segir meðal annars:

„Náttúruverndarráð gerir ekki athugasemdir við legu 220 kV háspennulínu á milli fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar að Jökulsá á Fjöllum. Vestan Jökulsár á Fjöllum og að Veggjafelli fer háspennulínan um Skútustaðahrepp, sem friðlýstur er samkvæmt sérlögum Mývatn Laxá lög nr. 36/1974. Náttúruverndarráð samþykkir legu háspennulínu um framangreint landsvæði.“

Umsögnin var send Landsvirkjun með símbréfi 1. ágúst 1995.

Leitað var umsagnar **Rafmagnseftirlits ríkisins** með bréfi dagsettu 28. júní 1995, ítrekað með símbréfi 11. ágúst 1995, og barst umsögn með bréfi dagsettu 15. ágúst 1995. Þar segir meðal annars:

„Af þeim gögnum, sem stofnuninni bárust, sér RER ekki ástæðu til að gera athugasemdir við legu línunnar. RER vill engu að síður minna á ákvæði í Reglugerð um raforkuvirki um lágmarkshæð háspennulína. Hafa ber kröfur um lágmarkshæð línunnar í huga m.t.t. snjóalaga á svæðinu og umferðar

undir línuna og einnig vegna hugsanlegra óska um lækkun línunnar vegna umhverfissjónarmiða.“

Umsögnin var send Landsvirkjun með símbréfi 17. ágúst 1995.

Leitað var umsagnar **Rafmagnsveitna ríkisins** með bréfi dagsettu 28. júní 1995, ítrekað með símbréfi 11. ágúst 1995, og barst umsögn með bréfi dagsettu 14. ágúst 1995. Þar segir:

„Viðkomandi háspennulína kemur til með að liggja utan við orkukerfi Rafmagnsveitna ríkisins og hefur því ekki bein áhrif á framtíðaruppbyggingu þess. Á það ber hins vegar að benda, að umrædd lína er nauðsynlegur hlekkur í uppbyggingu aðalstofnlínukerfis landsins. Lagning strengs í stað línu á umræddu svæði kemur vart til greina þar sem um margfaldan kostnað er að ræða og vegna þeirra tæknilegu örðugleika sem rýmd strengja á hærri spennum hefur á flutningsgetu og stöðugleika í raforkukerfinu. Rafmagnsveitur ríkisins vilja þó gera þá athugasemd við spennuval línunnar að e.t.v. væri rétt að byggja hana fyrir 400 kV í stað 220 kV, enda þótt hún yrði rekin fyrst um sinn á 220 kV, en með því móti verður flutningsgeta hennar aukin verulega og til lengri framtíðar þarf færri línur á þessu svæði.“

Umsögnin var send Landsvirkjun með símbréfi 14. ágúst 1995 með ósk um álit Landsvirkjunar á þeim hugmyndum sem fram koma í bréfi Rafmagnsveitna ríkisins. Í bréfi **Landsvirkjunar** dagsettu 22. ágúst 1995 segir meðal annars:

„Þessar ábendingar eru réttmætar, en þessi efnisatriði voru athuguð allvel á s.l. ári. Sú lína, sem hér um ræðir er reist fyrst og fremst vegna byggingar Fljótsdalsvirkjunar, en áform um byggingu hennar voru tengd áætlun um byggingu álvers á Keilisnesi. Ekki er unnt nú sem stendur að sjá fyrir eða tímasetja annan líklegan markað raforku, sem tengjast byggingu Fljótsdalsvirkjunar og því var talið eðlilegast að miða gerð línunnar einungis við 220 kV, en flutningsgeta línu með þá spennu dugir vel fyrir orkuframleiðslu virkjunarinnar. Benda má á að möstur í 400 kV línu eru hærri og breiðari en 220 kV línu auk þess sem stofnkostnaður er verulega hærri. Sá kostnaðarauki kynni að vera réttlætanlegur, ef séð er fyrir að fá ár líði þar til flutningsgeta 220 kV línu yrði of lítil, en sú er ekki raunin í þessu tilviki.

Nokkuð er fjallað um þetta efni á bls. 13 í frummatsskýrslunni. Þar er bent á að í framtíðinni verði líklega reist önnur lína á svipuðum stað þá með 400 kV spennu. Þær hugmyndir tengjast virkjun Jökulsár á Brú og Jökulsár á Fjöllum. Litlar líkur eru á því að ráðist verði í byggingu virkjana í þessum fallvötnum á næstu 5-6 árum og Landsvirkjun telur því eðlilegt að miða gerð og flutningsgetu línu við fyrirbyggjandi forsendur.“

Leitað var umsagnar **Vegagerðarinnar** með bréfi dagsettu 28. júní 1995, ítrekað með símbréfi 11. ágúst 1995, og barst umsögn með bréfi dagsettu 16. ágúst 1995. Þar segir meðal annars:

„Vegagerðin gerir engar sérstakar athugasemdir við fyrirhugaða Fljótsdalslínu 1. Gerð verði grein fyrir hæð línu og staðsetningu og gerð staurastæða, þar sem línan þverar vegi, áður en til framkvæmda kemur.“

Umsögnin var send Landsvirkjun með símbréfi 17. ágúst 1995.

Leitað var umsagnar **Veiðistjóraembættisins** með bréfi dagsettu 28. júní 1995, ítrekað með símbréfi 11. ágúst 1995, og barst umsögn með bréfi dagsettu 23. ágúst 1995. Þar segir:

„Embætti veiðistjóra gerir engar athugasemdir við áætlanir um Fljótsdalslínu 1 og frumskýrslu um umhverfisáhrif sem fylgdi með ofan nefndu bréfi.“

Umsögnin var send Landsvirkjun með símbréfi þann 24. ágúst 1995.

Leitað var umsagnar **Þjóðminjasafns Íslands** með bréfi dagsettu 28. júní 1995 og barst umsögn með bréfi dagsettu 14. júlí 1995. Þar segir:

„Þjóðminjasafn Íslands hefur engar meiri háttar athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir við legu Fljótsdalslínu 1, aðrar en þær er fram komu í bréfi safnsins til Landsvirkjunar, dags. 5. maí 1995 (fylgiskjal 12 í skýrslu Landsvirkjunar).

[Innskot sk.r.: Í ofan nefndu bréfi Þjóðminjasafns Íslands til Landsvirkjunar, dagsettu 5. maí 1995, segir: „Engar friðlýstar, skráðar eða þekktar fornleifar er að finna við þá háspennulínu sem fyrirhuguð er frá Fljótsdalsvirkjun að Veggjafelli vestan Jökulsár á Fjöllum, skv. hjálögðu korti yðar nr. 94-132. Línan fer hinsvegar yfir Jökuldal norðan Stuðlafoss. Fornleifadeild Þjóðminjasafns Íslands mælir með því að Landsvirkjun ráði fornleifafræðing til að gera vettvangsrannsókn þar, til að koma í veg fyrir að bygging mastra eða aðrar framkvæmdir myndu raska einhverjum fornleifum í dalnum. Sömmuleiðis mælir fornleifadeild með því að Landsvirkjun hafi samband við Guðrúnu Kristinsdóttur forstöðumann Safnastofnunar Austurlands á Egilsstöðum og kynni henni þetta mál.“]

Fornleifadeild Þjóðminjasafns Íslands lýsir enn fremur ánægju sinni með mjög góðan og skilningsríkan kafla um byggðaminjar í skýrslu Landsvirkjunar og vonar eftir því að hliðsjón verði höfð af honum ef af framkvæmdum verður. Þó skal bent á að allar rústir á Jökuldalsheiði og annars staðar, sem eru álitnar eldri en 100 ára, eru sjálfkrafa friðaðar skv. 16. og 18. gr. Þjóðminjalaga nr. 88/1989 og 98/1994. Lög frá 1907 hafa í raun ekkert gildi í því sambandi.“

Umsögnin var send Landsvirkjun með símbréfi 18. júlí 1995.

Allar umsagnir liggja frammi hjá Skipulagi ríkisins þar til kærufrestur er liðinn.

3. ATHUGASEMDIR

Eftirfarandi athugasemdir bárust á kynningartímanum:

Samhljóða athugasemd barst undirrituð af **245 aðilum**, þar af einum félagasamtökum (Landvarðafélagi Íslands) og 244 einstaklingum (209 íslenskum og 35 erlendum), þar sem mótmælt er lagningu háspennulínu um Ódáðahraun og lagt til að skammtímasjónarmið verði ekki látin ráða og línunni, ef hún reynist nauðsynleg, verði fundinn annar staður þar sem spjöll af lagningu verði minni. Í athugasemdinni segir meðal annars:

„Ódáðahraun er eitt stærsta ósnortna víðerni í Evrópu og býr yfir fjölbreyttri náttúru. Hluti af töfrum svæðisins felst í þeirri staðreynd að svæðið er lítt mótað af athöfnum manna og þar ríkir friðsæld og ró, fjarri umferð og mannvirkjum. Lagning stórrar háspennulínu klýfur svæðið og hún verður sýnileg langt að, hversu vel sem reynt er að fela hana í landslagi. Línunni fylgir vegalagning, en reynslan sýnir að út frá línuvegum myndast slóðir í allar áttir, skipulagslaust. Engin leið er að koma í veg fyrir að svæðið verði allt útsporað í bíslóðum, með tilheyrandi landspjöllum og sjónmengun. Þá mun sjálf vitneskjan um tilvist línunnar vinna þungt gegn tilfinningu fólks um að það sé að fara um ósnortið svæði. Náttúruvernd er grundvöllur ferðaþjónustu á Íslandi. Þörf og löngun þeirra sem búa í manngerðu umhverfi til að komast út í óspillta náttúru fer stöðugt vaxandi. Óskemmt Ódáðahraun býður upp á einstæða möguleika til að mæta þeirri þörf. Svæðið er göngusvæði á heimsmælikvarða, vegna hins óspillta og fjölbreytta náttúrufars og þess hversu aðgengilegt það er. Verði lína og vegur lögð um það, hefur það í för með sér að núverandi eiginleikar þess glatast um aldur og ævi. Það verður ekki aftur snúið. Slíkt þýðir stórfellda skerðingu á framtíðarmöguleikum ferðaþjónustu til skipulagningar vistvænnar ferðamennsku á þessu svæði. Hljótast mun af mikið tekjutap vegna þess að þeir ferðamenn sem eru að leita að friðsæld og náttúrulegu umhverfi neyðast til að fara eitthvert annað.

Ábyrgð Íslendinga í umhverfismálum er mikil, þeir eru herrar yfir náttúru sem stenst samjöfnuð við það sem merkast þekkist á jörðinni. Þjóðinni ber því skylda til að forðast öll spjöll sem rýra gildi náttúru landsins. Mistök sem gerð eru í dag fylgja okkur um alla framtíð. Og við eigum bara þetta eina land.“

Landsvirkjun var sent eintak af ofangreindri athugasemd með símbréfi 1. ágúst 1995 og greint frá heildar eintakafjölda hennar með símbréfi 11. ágúst 1995.

Tvö bréf bárust, dagsett 10. ágúst 1995, með samhljóða athugasemdum **Sigrúnar Helgadóttur** og **Ólafs S. Andréssonar**, Þverási 21, Reykjavík samhljóða ofangreindri athugasemd með eftirfarandi viðbót um aðra kosti:

„Sérstaklega skal þar bent á að fara um byggð í Mývatnssveit og koma rafstrengjum fyrir í jörðu, en búast má við að sá kostur verði innan tíðar hagkvæmastur þegar tekið er tillit til allra þátta sem áhrif hafa á þjóðarhag. Breyttar og hagkvæmari áætlanir við Fljótsdalsvirkjun með miklu minna

umhverfisraski en upphaflega var gert ráð fyrir ætti að vera mönnum áminning um að rasa ekki um ráð fram heldur bíða átektu ef nokkur vafi leikur á og hið sama má segja um Blönduvirkjun. Loks get ég ekki séð að knýjandi þörf sé fyrir aðra stóra línu til raforkuflutnings um norðausturland nú þegar byggðalínan er hringtengd og ekki horfur á að ráðist verði í Fljótsdalsvirkjun til að flytja orku hennar þvert um landið heldur munu Blanda og raforkuvirki sunnan heiða duga fyrirhugaðri aukningu á stóriðju. Það verður því engan veginn réttlætt að stórskaða einhver mestu sameiginlegu verðmæti þjóðarinnar með lagningu háspennulínu og vega um Ódáðahraun.“

Landsvirkjun voru sendar ofangreindar athugasemdir með símbréfi 11. ágúst 1995.

Fjögur bréf bárust, dagsett 24. júlí 1995, með samhljóða athugasemdum **Elísabetar Gunnarsdóttur** og **Guðmundar Thoroddsen**, Aðalstræti 22, Ísafirði og **Guðbjargar Vilhjálmsdóttur** og **Torfa H. Tulinius**, Eskihlíð 10, Reykjavík þar sem segir:

„Ég mótmæli þeim hugmyndum sem fram koma í auglýstum tillögum Skipulagsstjórnar um lagningu stórrar háspennulínu yfir Ódáðahraun, E leið. [Innskot sk.r.: Hér væntanlega átt við auglýsingu skipulagsstjóra ríkisins á mati á umhverfisáhrifum Fljótsdalslínu 1 (Fljótsdalsvirkjun-Veggjafell).]

- Slíkt mannvirki tilheyrir byggð en ekki ósnortnu víðerni.

- Ég minni á að við eigum einungis þetta land.

- Mistök sem gerð eru nú hafa áhrif um alla framtíð.

Í þessu víðerni liggur framtíð ykkar sem byggð lífsafkomu ykkar á umferð ferðamanna sem koma til þess að skoða og njóta ósnortinnar náttúru.“

Landsvirkjun var sent eintak af ofangreindri athugasemd með símbréfi 1. ágúst 1995 og greint frá heildar eintakafjölda hennar með símbréfi 11. ágúst 1995.

Með bréfi dagsettu 3. ágúst 1995 barst eftirfarandi athugasemd frá **Sjálfbóðaliðasamtökum um náttúruvernd**:

„Eftirfarandi samþykkt var gerð á stjórnarfundum Sjálfbóðaliðasamtaka um náttúruvernd sem haldinn var í Kópavogi þann 31. júlí 1995.

Sjálfbóðaliðasamtök um náttúruvernd mótmæla fyrirhugaðri lagningu Fljótsdalslínu I frá fyrirhugaðri Fljótsdalsvirkjun að Veggjafelli um hálendið austan og norðan Vatnajökuls, samanber auglýsingu um umhverfismat, forathugun, dags. 5. júlí 1995. Samtökin telja affarasælast að línan fylgi Byggðalínu frá Fljótsdalsvirkjun til Akureyrar.“

Í greinargerð þessu til stuðnings kemur fram að Sjálfbóðaliðasamtök um náttúruvernd telji að Fljótsdalslína muni breyta ásynnd tilkomumikillar náttúru svæðisins austan og norðan Vatnajökuls, vegagerð og undirbygging mastra muni valda spjöllum á jarðmyndunum á svæðinu, línuvegur muni valda aukinni umferð um þetta viðkvæma svæði á öllum tímum árs, dvalarstaður snæuglunnar í Ódáðahrauni sé í hættu vegna línulagningarinnar og umferðar henni tengdri og að lokum sé gerð áberandi mannvirkis á þessu

svæði í andstöðu við vaxandi ferðamannaiðnað á Íslandi sem byggist á aðdráttaraflí ósnortinnar náttúru.

Að lokum segir: „Því vilja Sjálfbæðaliðasamtök um náttúruvernd mótmæla lagningu línunnar á fyrirhuguðu línustæði. Verði ekki fallist á athugasemdir okkar óskum við eftir skriflegri greinargerð frá Skipulagi ríkisins þar sem rök fyrir línustæðinu eru tilgreind.“

Landsvirkjun var send ofangreind athugasemd með símbréfi dagsettu 4. ágúst 1995.

Leitað var upplýsinga frá Náttúrufræðistofnun Íslands, með bréfi dagsettu 25. ágúst 1995 um þekktu dvalarstaði snæuglunnar á Íslandi. Í bréfi **Náttúrufræðistofnunar Íslands** dagsettu 29. ágúst 1995 segir meðal annars:

„Náttúrufræðistofnun er ekki kunnugt um að snæugla hafi orpið, hvorki fyrir né síðar, neins staðar í grennd við áætlaða Fljótsdalslínu á svæðinu frá Norðurdal inn úr Fljótsdal að Veggjafelli norðan Herðubreiðarfjalla. Næst sem vitað er um snæugluvarp frá þessari línu er í hrauninum við Grafarlönd, einum 20 kílómetrum sunnar, fyrir um fjórum áratugum. Snæugla getur hins vegar sést á flakki hvar sem er á ofangreindu svæði.“

Ástæðulaust er að hafa áhyggjur af áhrifum Fljótsdalslínu 1 einnar og sér á snæuglur. Frekar er ástæða til að staldra við vegna framhalds á línunni vestur yfir Ódáðahraun að Svartárkoti, eins og tillaga er um skv. kortinu „Fljótsdalslína 1, línuleiðir“ sem Skipulag ríkisins hefur látið í té.

Síðustu ár hafa snæuglur sést 10-20 sinnum árlega hér á landi, einkum á hálendissvæðum. Fyrir nokkrum árum voru þær taldar verpa í Suðurárhrauni, en annars eru kunnugustu varpstöðvar þeirra frá fyrri tíð við Laufrönd. Á svæðinu Laufrönd - Svartárkot - Mývatn - Búrfell má segja að snæuglur sjáist árlega og þarna eru mestar líkur á að snæuglur kunni að verpa af öllum svæðum í landinu.

Snæuglur eru afar stýggir fuglar og þær varpstöðvar sem þekktar eru hérlendis frá fyrri árum allar á einkar fáförnum stöðum. Staðsetning raflínu í grennd við varpstöðvar snæuglu ætti í sjálfu sér ekki að hafa nein áhrif á snæugluvarp. Mesta hættan fyrir varp fuglanna er sú umferð sem getur skapast við að línuvegur opnast fyrir almennan akstur.“

Með bréfi dagsettu 9. ágúst 1995 barst eftirfarandi athugasemd frá **Samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálandis Íslands**:

„Eitt af meginhlutverkum samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálandis Íslands er að skipuleggja og samræma línuleiðir, samgöngur o.fl. Því telur nefndin mjög æskilegt að erindi sem varða slík mál, þar með talin Fljótsdalslína 1, verði formlega send nefndinni til umsagnar. Nefndin beinir því til skipulagsstjóra ríkisins að ekki verði veitt framkvæmdaleyfi fyrir Fljótsdalslínu 1 fyrr en gerð hefur verið nánari grein fyrir legu línuvegarins og útfærslu og hvaða hlutverki hann kemur til með að gegna í vegakerfi svæðisins. Þá telur nefndin nauðsynlegt að hún fái að fylgjast grannt með áformum sem Landsvirkjun kann að hafa um framkvæmdir á miðhálandi“

Íslands, hvort sem um er að ræða virkjanir, línulagnir, efnistöku, uppgræðslu, staðsetningu vinnubúða eða annað.“

Landsvirkjun var send ofangreind athugasemd með símbréfi 10. ágúst 1995. Ennfremur var með bréfi dagsettu 16. ágúst 1995 óskað eftir svörum Landsvirkjunar um legu, útfærslu og hlutverk vegslóða með Fljótsdalslínu 1. Í bréfi **Landsvirkjunar** dagsettu 22. ágúst segir meðal annars:

„Í upphafi er rétt að benda á að áætluð lengd vegslóðar er um 97 km en þar af er fyrir hendi um 50 km vegslóð frá byggingu Kröflulínu 2. Ætlunin er að notast við þá slóð þar sem það er unnt til að forðast óþarfa spjöll á landi.

Almennt mun vegslóðin fylgja legu línunnar í 20-50 m fjarlægð, en frávik verða nokkur frá þessu á stöku stað, þar sem krækja þarf fyrir vötn, skorninga og misfellur í landi og talið er hagkvæmara og vegna minni röskunar á landi að víkja lengra frá línulegu. Lengsti samfelldi kaflinn þar sem vegslóð víkur verulega frá línulegu er þverun yfir Jökuldal, en á þeim kafla fylgir slóðin að mestu fyrirbyggjandi vegslóð. Nánar er fjallað um vegslóða á einstökum köflum í fyrirhugaðri línuleið í kafla 5.4.2 í frummatsskýrslu á bls. 23-25. Þar er jafnframt fjallað um gerð vegslóða, uppbyggingu þeirra og útfærslu.

Fyrirhuguð vegslóð er fyrst og fremst gerð til að þola nauðsynlega efnisflutninga á byggingartíma, en jafnframt verður vegslóðin notuð við reglubundið eftirlit og viðhald á línunni í rekstri. Vegslóð þarf að liggja að hverju staurastæði línunnar og meðan endanleg staursetning hennar liggur ekki fyrir er ekki hægt að sýna legu vegslóðar nákvæmlega.

Að byggingartíma loknum hefur Landsvirkjun heimild til að nota vegslóð við viðhald á línunni en ekki skipt sér að öðru leyti af umferð um vegslóð. Þar sem hún liggur um heimalönd jarða hefur viðkomandi landeigandi rétt á að loka slóðinni fyrir annarri notkun. Á afréttum og hálendinu hafa þessar slóðir verið opnar fyrir umferð ferðamanna. Í kafla 7.4.1 á bls. 54-55 í frummatsskýrslu er fjallað lauslega um hugsanleg áhrif vegslóðar á samgöngur á svæðinu. Þar kemur fram að það verður í valdi opinberra yfirvalda og landeigenda að takmarka umferð óviðkomandi aðila um slóðina ef ástæða þykir til í framtíðinni.“

Með bréfi dagsettu 10. ágúst 1995 barst eftirfarandi athugasemd **Ellerts H. Sigurðssonar** og **Sesselju Díönu Ármannsdóttur**, Hraunbæ 48, Reykjavík:

„Við undirrituð viljum leggja fram mótmæli við fyrirhugaða línulögn um Ódádahraun frá Fljótsdal. Með von um annað línustæði.“

Landsvirkjun var send ofangreind athugasemd með símbréfi 10. ágúst 1995.

Með bréfi dagsettu 10. ágúst 1995 barst eftirfarandi athugasemd **Guðmundar P. Ólafssonar** og **Ingunnar K. Jakobsdóttur**, Neskin 1, Stykkishólmi:

„Fordæmum fyrirhuguð náttúruspjöll með háspennumöstrum og línulögnum um öræfi Herðubreiðar. Við mótmælum ennfremur því að örfáir embættis- og stjórnálamenn eyðileggi landið okkar.“

Landsvirkjun var send ofangreind athugasemd með símbrefi 11. ágúst 1995.

Samhljóða athugasemd á ensku barst undirrituð af **194 aðilum**, þar af tveimur Íslendingum og 192 erlendum borgurum, þar sem mótmælt er lagningu háspennulínu um Ódádahraun, þar sem Ódádahraun sé með stærstu ósnortnu svæðum í Evrópu og því mikilvægt að vernda það. Línan, ásamt tilheyrandi vegum, muni spilla svæðinu varanlega.

Landsvirkjun var sent eintak af ofangreindri athugasemd með símbréfi 1. ágúst 1995 og greint frá heildar eintakafjölda hennar með símbréfi 11. ágúst 1995.

Athugasemdir liggja frammi hjá Skipulagi ríkisins þar til kærufrestur er liðinn.

4. NIÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR

4.1 FORSAGA MATS Á UMHVERFISÁHRIFUM FLJÓTSDALSLÍNU 1 (FLJÓTSDALSVIRKJUN-VEGGJAFELL)

Við verkhönnun Fljótsdalsvirkjunar á árunum 1980-1982 var farið að huga að tengingu virkjunarinnar við raforkuflutningskerfi landsins. Gera þurfti ráð fyrir nýrri línu, þar sem byggðalínan gat aðeins flutt lítinn hluta raforku virkjunarinnar. Í núverandi áætlunum Landsvirkjunar er gert ráð fyrir að þörf geti orðið fyrir raforku frá Fljótsdalsvirkjun á árunum 2000-2001, miðað við að þá hefjist rekstur nýs álvers á suðvesturlandi.

Á undanförunum 12 árum hafa fjórar línuleiðir verið athugaðar frá Fljótsdalsvirkjun til Akureyrar (sjá kort bls. 15):

Tillaga Raflínunefndar 1983-1988:

Tillaga Raflínunefndar gerði ráð fyrir línu frá Fljótsdalsvirkjun, þvert yfir Ódádahraun sunnan Herðubreiðar að Skjálfandafljóti og þaðan suður Sprengisand að orkuverum á Þjórsársvæðinu. Raflínunefnd lagði einnig til greinipunkt nálægt Stóru-Tungu í Bárðardal fyrir hugsanlega línu til Akureyrar.

Tillaga að leið-A 1989:

Tillaga að svokallaðri leið-A (kölluð leið-C við skipulagsumfjöllun) var unnin af Landsvirkjun í samráði við Náttúruverndarráð 1989-90 og kom til umfjöllunar skipulagsstjórnar ríkisins í desember 1990. Hún byggði á fyrri tillögu Raflínunefndar með þremur meginbreytingum, meðal annars færslu suður fyrir Herðubreiðartögl, fjær Herðubreið og Herðubreiðarlindum.

Samkomulag varð um það milli umhverfisráðuneytisins, skipulagsstjórnar ríkisins og Landsvirkjunar að meta umhverfisáhrif leiðar-A með samanburði við tvo aðra kosti, leið-B norðan Herðubreiðarfjalla og leið meðfram byggðalínu. Unnið var að matinu árið 1991 og varð niðurstaða þess sú að allar kynnu leiðirnar að valda óæskilegum umhverfisáhrifum, sem þó í flestum tilfellum mætti draga úr með mótvægisáðgerðum.

Leið-A var auglýst samkvæmt skipulagslögum 9. október 1991. Fyrir lá, þegar auglýsing leiðar-A var heimiluð, að talsverð andstaða væri við legu hennar um Ódáðahraun sunnan Herðubreiðartagla. Því beindi skipulagsstjórn ríkisins því til Landsvirkjunar að athuga aðra legukosti. Í framhaldi af því kom fram tillaga að leið-E norðan Herðubreiðarfjalla. Um 1500 athugasemdir bárust við leið-A á kynningartíma tillögunnar til þeirra sjö sveitarfélaga sem tillagan gerði ráð fyrir að línan lægi um.

Á fundi skipulagsstjórnar ríkisins 22. apríl 1992 lágu umsagnir sveitarstjórna um leið-A fyrir. Í umsögnum sveitarstjórna kom fram að lega línunnar annarsvegar frá Fljótisdalsvirkjun að Þríhyrningi og hinsvegar norðan og vestan spennistöðvar við Svartárvatn var ekki umdeild og lýsti skipulagsstjórn ríkisins sig samþykka legunni á þessum hlutum leiðarinnar. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps taldi framkomna tillögu að leið-E frá Þríhyrningi að spennistöð við Svartárvatn vænlegri kost en leið-A. Skipulagsstjórn ríkisins frestaði afgreiðslu málsins og fól skipulagsstjóra ríkisins í samráði við sveitarstjórnir, Landsvirkjun og aðra aðila sem málið varðaði að auglýsa tillögu að línu-E frá Þríhyrningi að spennistöð við Svartárvatn.

Tillaga að leið-E 1991:

Árið 1991 var farið að ræða svokallaða leið-E, eins og að framan greinir. Hún var frábrugðin leið-A á kaflanum frá Þríhyrningsvatni að spennistöð við Svartárvatn. Frá Þríhyrningi sveigði línun til norðurs um Grjót, þveraði Jökulsá á Fjöllum norðan Ferjufjalls og lá þaðan með stefnu á norðanverð Herðubreiðarfjöll, sunnan Veggjafells. Þaðan sunnan Hvammsfjalla, um Útbruna, sunnan Suðurárbotna að Svartárkoti.

Leið-E var auglýst samkvæmt skipulagslögum 21. ágúst 1992. Um 1700 athugasemdir bárust á kynningartíma tillögunnar til þeirra tveggja sveitarfélaga sem tillagan gerði ráð fyrir að línun lægi um.

Í kjölfar athugasemda um að línuna bæri að leggja meðfram byggðalínu lýsti sveitarstjórn Skútustaðahrepps því yfir á fundi sínum 22. október 1992 að hún hafnaði algjörlega að leggja nýja línu meðfram byggðalínu frá Jökulsá á Fjöllum vestur á Mývatnsheiði, þar sem leið með fleiri en einni raflínu þar, ólíkum að stærð, myndi spilla verulega fjallasýn auk þess sem farið yrði um viðkvæmt gróið land. Ennfremur benti sveitarstjórnin á að lagning strengs í jörð drægi aðeins úr hluta umhverfisáhrifa, mannvirkid yrði minna áberandi en því fylgdi meira jarðrask. Fram hafði komið athugasemd frá Náttúruverndarráði um að færa línuna norður fyrir Suðará í Svartárkot. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti tillögu að leið-E en hafnaði athugasemd Náttúruverndarráðs þar sem sú breyting yrði ekki til bóta.

Sveitarstjórn Jökuldalshrepps lýsti sig, á fundi sínum 31. október 1992, samþykka leið-A og að hún gæti fallist á leið-E með þeirri kröfu að farið yrði sunnan Ferjufjalls.

Á fundi skipulagsstjórnar ríkisins 30. desember 1992 var samþykkt að taka undir rök sveitarstjórnar Skútustaðahrepps gegn því að fylgja byggðalínu frá Jökulsá á Fjöllum vestur Mývatnsheiði. Í ljósi framkominna athugasemda samþykkti skipulagsstjórn breytingar á kaflanum frá Svartárkoti til Akureyrar (leið-A). Leið-E, frá Þríhyrningi að Svartárkoti, var samþykkt með fyrirvara um að kanna þyrfti aðstæður í Suðaráhrauni og breyta legu línunnar þar ef umhverfisspjöll yrðu

mikil. Skipulagsstjórn taldi ekki nægjanleg rök fyrir því að færa línuna suður fyrir Ferjufjall, sbr. breytingartillögu Jökuldalshrepps. Á fundinum afgreiddi skipulagsstjórn legu Fljótsdalslínu 1 í heild til staðfestingar umhverfisráðherra.

Tillaga starfshóps umhverfisráðuneytisins 1994:

Fimm af sjö sveitarfélögum sem tillaga að leið-E gerði ráð fyrir að línan lægi um höfðu samþykkt línustæðið. Náttúruverndarráð og skipulagsstjórn ríkisins höfðu samþykkt línustæðið, með fyrirvara um legu við Suðurárbotna. Þó var ljóst að enn væru mjög skiptar skoðanir um línustæðið, eins og fram hafði komið í þeim fjölda athugasemda sem borist höfðu. Í ljósi þessa skipaði umhverfisráðherra, þann 10. mars 1993, starfshóp með fulltrúum allra þingflokka til að vera sér til ráðgjafar um raflínuleið milli austurlands og annarra landshluta og leitast við að finna lausn þar sem tekið væri tillit til umhverfisþátta og réttmætra hagkvæmnissjónarmiða og eðlilegt samráð haft við heimamenn. Niðurstaða starfshópsins lá fyrir í mars 1994. Hún byggði m.a. á því að leitast við að takmarka fjölda línuleiða milli landshluta og minnka þannig heildaráhrif þeirra á umhverfið. Þannig bæri að velja Fljótsdalslínu 1 leið þar sem hugsanlegar framtíðarlínur milli landshluta gætu einnig legið. Í tillögum og ábendingum starfshópsins var lagt til að fylgt yrði byggðalínu úr Fljótsdal að Sauðafelli í norðanverðum Möðrudal. Starfshópurinn taldi að miðað við að framkvæmdir færu fram innan 1-2 ára væri eftir atvikum skást að fylgja leið-E í stórum dráttum, frá breyttu línustæði austan Jökulsár á Fjöllum, og til Akureyrar með minniháttar breytingum, meðal annars við Suðurárbotna. Um línustæðið frá Möðrudal í Bárðardal taldi starfshópurinn að ef ekki reyndist þörf á að ráðast í lagningu línunnar innan nefndra tímamarka, og ráðrúm gæfist til endurmats, væri rétt að skoða betur, í samráði við heimamenn, línustæði norðan Mývatns, hugsanlega í jarðstreng að hluta.

Í bréfi umhverfisráðuneytisins til skipulagsstjórnar ríkisins, dagsettu 16. mars 1994, kemur fram að ráðuneytið hyggist staðfesta legu Fljótsdalslínu 1 frá Veggjafelli til Akureyrar í samræmi við tillögur starfshópsins og beinir þeim tilmælum til skipulagsstjórnar ríkisins að farið verði eftir þeim tillögum og ábendingum sem fram koma í skýrslunni og í samræmi við það var lega Fljótsdalslínu 1 frá Fljótsdalsvirkjun að Veggjafelli vestan Jökulsár á Fjöllum auglýst samkvæmt skipulagslögum 6. maí 1994. Vestari hluti Fljótsdalslínu 1, frá Veggjafelli til Akureyrar, var samþykktur í skipulagsstjórn ríkisins 30. mars 1994 og staðfestur af umhverfisráðherra 20. apríl 1994. Lög um mat á umhverfisáhrifum komu til framkvæmda 1. maí 1994 og samkvæmt þeim er lagning háspennulína með 33 kV spennu eða hærri háð mati á umhverfisáhrifum.

4.2 NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS UM UMHVERFISÁHRIF FLJÓTSDALSLÍNU 1 (FLJÓTSDALSVIRKJUN-VEGGJAFELL)

Alls verður fyrirhuguð Fljótsdalslína 1 um 205 km, frá Fljótsdalsvirkjun til Akureyrar. Þar af verður sá hluti Fljótsdalslínu 1 sem nú er til umfjöllunar, frá Fljótsdalsvirkjun að Veggjafelli, um 88 km, en lega línunnar frá Veggjafelli til Akureyrar var staðfest af umhverfisráðherra 20. apríl 1994.

Línustæði Fljótsdalslínu 1 (Fljótsdalsvirkjun-Veggjafell), eins og það er kynnt í frummatsskýrslu, er í samræmi við tillögur starfshóps umhverfisráðuneytisins 1994 um raflínuleið milli austurlands og annarra landshluta. Meginforsendur starfshópsins fyrir vali línustæðisins voru að takmarka sjónræn áhrif línunnar, meðal annars með tilliti til mikilvægis ferðaþjónustu.

Sveitarstjórnir Jökuldals-, Fljótsdals- og Skútustaðahrepps, sem eru þau sveitarfélög sem línun mun liggja um, hafa allar samþykkt legu línunnar, þær tvær síðarnefndu með athugasemdum. Náttúruverndarráð gerir ekki athugasemdir við legu línunnar austan Jökulsár á Fjöllum og samþykkir legu línunnar frá Jökulsá á Fjöllum að Veggjafelli, en á því svæði fer línun um Skútustaðahrepp sem er verndaður samkvæmt lögum nr. 36/1974 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Ferðamálaráð Íslands gerir eitt opinberra umsagnaraðila athugasemdir við línustæðið og hvetur til þess að háspennulínur verði lagðar í jörð vegna sjónmengunar frá þeim. Í nær öllum þeim athugasemdum sem bárust frá öðrum aðilum á kynningartíma frumathugunar er legu línunnar mótmælt, en í flestum þeirra er eingöngu átt við legu línunnar um Ódáðahraun, en aðeins um 11 km þess kafla Fljótsdalslínu 1 sem nú er til umfjöllunar liggur vestan Jökulsár á Fjöllum (þ.e. í Ódáðahrauni eða jaðri þess).

Sjónræn áhrif Fljótsdalslínu 1 (Fljótsdalsvirkjun-Veggjafell)

Fljótsdalsvirkjun - Möðrudalur:

Frá Fljótsdalsvirkjun er fyrirhugað að línun liggja upp á Teigsbjarg og þaðan í norðaustur, sunnan Garðavatns, að Sandskeiðskíl, en þaðan samsíða byggðalínu að Möðrudal. Kaflinn frá virkjun að Möðrudal verður um 61 km, þar af um 50 km samsíða byggðalínu.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps ítrekar í umsögn sinni fyrri athugasemd um að leggja línuna í jarðgöng frá virkjun og upp á Teigsbjarg. Miðað við núverandi hönnun línunnar verður hlíðin ofan við stjórnhús virkjunarinnar að mestu ósnert, en möstur á bjargbrúninni kann að bera við himin undir vissu sjónarhorni. Samkvæmt frummatsskýrslu býður núverandi hönnun Fljótsdalsvirkjunar ekki upp á þann kost að leggja línuna í kapli, göngum eða borholu, neðanjarðar, frá stöðvarhúsi upp á brún Teigsbjargs og myndi kostnaður við göngin ein og sér nema um a.m.k. 100 Mkr. Í ljósi þessa er kostnaður við gerð ganga talinn vega þyngra en sjónræn áhrif loftlínu á þessum stað.

Frá Teigsbjargi að byggðalínu mun Fljótsdalslína 1 þvera veg að Snæfelli. Þar er mikilvægt að línan verði lögð eins lágt í landi og kostur er svo draga megi úr sjónrænum áhrifum hennar.

Þar sem Fljótsdalslína 1 fylgir byggðalínu verða sjónræn áhrif hennar önnur, enda þar ekki farið um óraskað svæði. Á þessum kafla verður að huga vel að endanlegri staðsetningu mastra með tilliti til samræmis við byggðalínu, sem er bæði lægri en fyrirhugað Fljótsdalslína 1 og með styttra bili milli mastra.

Möðrudalur - Veggjafell:

Við Sauðafell er fyrirhugað að línan sveigi til vesturs frá byggðalínu og liggi um þremur km norðan við bæjarhúsin í Möðrudal, sunnan Sandfells, og þveri Jökulsá á Fjöllum sunnan Lambafjalla og norðan Miðfells. Þaðan taki línan vestlæga stefnu að Veggjafelli. Alls verður þessi hluti leiðarinnar um 27 km, þar af um 11 km vestan Jökulsár á Fjöllum.

Á þessum kafla mun Fljótsdalslína 1 þvera tvær fjölfarnar leiðir ferðamanna, Þjóðveg 1 og Öskjuveg. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur lagt til að línan verði lögð í jörð á þeim köflum þar sem hún þverar þessa fjölförnu vegi. Samkvæmt upplýsingum Landsvirkjunar nemur kostnaður við jarðstreng um 84 Mkr./km umfram fyrirhugaða loftlínu. Ef koma á algjörlega í veg fyrir að loftlína sjáist frá fyrrgreindum vegum þyrfti að leggja línuna í jörð á einhverra tuga km kafla, en lagningu jarðstrengs myndi fylgja talsvert jarðrask. Því er talið vænlegra að vanda vel til endanlegrar hönnunar, staðsetningar og hæðar mastra á þessum slóðum, svo takmarka megi sjónræn áhrif, frekar en að leggja út í mun meiri kostnað við jarðstreng, með því jarðraski sem lagning hans hefur í för með sér.

Í athugasemdum sem bárust á kynningartíma frumathugunar er legu Fljótsdalslínu 1 um Ódáðahraun mótmælt vegna þeirra sjónrænu áhrifa sem hún muni hafa á ósnortna náttúru svæðisins, auk þess sem línan muni skerða ímynd svæðisins sem ósnortins. Um 11 km Fljótsdalslínu 1 (Fljótsdalsvirkjun - Veggjafell) liggja vestan Jökulsár á Fjöllum, þ.e. í Ódáðahrauni eða jaðri þess. Lega Fljótsdalslínu 1 (Fljótsdalsvirkjun - Veggjafell) er bundin af austurenda staðfests línustæðis frá Veggjafelli til Akureyrar. Í frummatsskýrslu segir um val línustæðis á þessari leið: „Línan fer um ósnortið land frá Jökulsá á Fjöllum að Veggjafelli. Línuleið sú, sem nú er til umfjöllunar, á mörkum Ódáðahrauns og Mývatnssvæðisins er málamiðlunartillaga milli hagkvæmstu legu línunnar og þess sjónarmiðs að halda sem stærstu landsvæði norðan Vatnajökuls ósnortnu af mannvirkjum.“

Staðfest lega Fljótsdalslínu 1 frá Akureyri til Veggjafells liggur nú þegar fyrir. Eftir stendur að velja línunni leið frá Veggjafelli að Fljótsdalsvirkjun. Öðrum kostum en þeim sem hér er kynntur á kaflanum frá Fljótsdalsvirkjun að Veggjafelli hefur verið hafnað, fyrst og fremst vegna sjónrænna áhrifa (sbr. umfjöllun í kafla 4.1). Hugmyndum um jarðstreng hefur sömuleiðis verið hafnað vegna kostnaðar, jarðrasks og tæknilegra örðugleika.

Við endanlega ákvörðun um staðsetningu og hæð einstakra mastra á línuleiðinni frá Fljótsdalsvirkjun að Veggjafelli skal þess gætt að valda sem minnstu jarðraski og sjónrænum áhrifum um leið og gæta verður þess að fullnægja öryggiskröfum

varðandi snjóalög og umferð, í samræmi við tilmæli Rafmagnseftirlits ríkisins og Vegagerðarinnar. Fullt samráð skal haft við Náttúruverndarráð við endanlega hönnun línunnar svo koma megi í veg fyrir óþörf neikvæð umhverfisáhrif, sbr. 3 mgr. 29. greinar laga nr. 47/1971 um náttúruvernd.

Áhrif af vegagerð meðfram Fljótsdalslínu 1 (Fljótsdalsvirkjun-Veggjafell)

Lagningu Fljótsdalslínu 1 (Fljótsdalsvirkjun-Veggjafell) fylgir vegagerð til efnisflutninga á byggingartíma og eftirlits og viðhalds línunnar. Fram hafa komið athugasemdir við fyrirhugaða vegagerð, bæði hvað varðar bein sjónræn áhrif af veginum og jarðrask sem af vegagerðinni hlýst. Einnig vegna áhrifa þeirrar umferðar ferðamanna sem hugsanlega muni fara um veginn. Langflestar þessara athugasemda eiga við þann hluta línu og slóða sem fara um Ódádahraun, en eins og fram hefur komið eru einungis 11 km þeirrar framkvæmdar sem nú er til umfjöllunar vestan Jökulsár á Fjöllum (þ.e. í Ódádahrauni eða jaðri þess).

Fyrirhugað er að vegslóði verði 4-6 metra breiður og í 20-50 metra fjarlægð frá línunni. Vegagerð verður mismunandi eftir svæðum, allt frá stikun eða heflun á sléttum melum upp í nokkuð þykka malarfyllingu á blautri mýri. Í mýrum verður notaður síudúkur. Vegur verður alls um 97 km, þar af 55 km á lítið grónum melum, 36 km á mýrum og grónu landi og 6 km á hraunum. Á þeim 50 km kafla sem Fljótsdalslína liggur samsíða byggðalínu eru fyrir slóðar og verður notast við þá, þar sem það er unnt, til að forðast frekara rask.

Fljótsdalsvirkjun - Möðrudalur:

Á þessum hluta línunnar er fyrirhugað að nýr vegslóði verði lagður út frá núverandi vegi inn á Fljótsdalsheiði. Farið verður yfir gróið land og blautar mýrar.

Þar sem Fljótsdalslína 1 liggur samhliða byggðalínu verður vegslóði vegna hennar lagður ofan í þær slóðir sem þar eru fyrir, þar sem því verður við komið.

Möðrudalur - Veggjafell:

Á þessum kafla fer vegslóðinn yfir mela og hraun. Fylling verður flutt í slóðann á hraunasvæðinu og á grýttustu melunum, en annars almennt eingöngu stikað, rutt eða heflað.

Mikilvægt er að vel sé staðið að öllum undirbúningi við vegagerð vegna Fljótsdalslínu 1 (Fljótsdalsvirkjun-Veggjafell). Eldri slóðar verði nýttir þar sem því verður við komið og jarðraski haldið í algjöru lágmarki við alla slóðagerð. Nákvæma legu og útfærslu slóðanna þarf að ákveða í samráði við Náttúruverndarráð þegar endanleg staðsetning mastra liggur fyrir. Einnig er mikilvægt að samráð sé haft við sveitarstjórnir og landeigendur varðandi staðsetningu slóðanna og hlutverk þeirra. Bent er á að unnið er að skipulagi fyrir miðhálendið undir stjórn samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendis Íslands. Fljótsdalslína 1, vestan Sænautavatns á Jökuldalsheiði, liggur innan

skipulagssvæðis miðhálandisins og er eðlilegt að tekið verði mið af niðurstöðu nefndarinnar ef hún liggur fyrir áður en kemur að framkvæmdum við vegagerð.

Áhrif á gróður

Áhrif lagningar Fljótsdalslínu 1 (Fljótsdalsvirkjun-Veggjafell) á gróður munu fyrst og fremst verða vegna uppsetningar mastra og lagningar vegslóða með línu. Einnig þarf sem fyrirhugað er að hafa vinnubúðir á framkvæmdatíma. Við allar framkvæmdir tengdar línunni skal þess gætt að halda jarðraski í lágmarki. Línan fer um viðkvæm gróðursvæði þar sem vaxtartími er stuttur. Því er fyllstu aðgæslu þörf. Endanleg staðsetning mastra, vegslóða og svæða undir vinnubúðir, sem og val efnistökuastaða vegna framkvæmdanna skal fara fram í fullu samráði við Náttúruverndarráð. Við uppræðslu raskaðra svæða skal hafa fullt samráð við Landgræðslu ríkisins.

Áhrif á dýralíf

Gæta þarf þess að vinna við byggingu Fljótsdalslínu 1 valdi ekki óþarfa röskun á högum hreindýra á Fljótsdals- og Jökuldalsheiði og haft samráð við embætti veiðistjóra um tímasetningu framkvæmda á hreindýraslóðum.

Fram hefur komið athugasemd um hugsanleg áhrif Fljótsdalslínu 1 á heimkynni Snæuglunnar. Í álit Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að þau séu ekki í hættu vegna framkvæmda við Fljótsdalslínu 1 (Fljótsdalsvirkjun-Veggjafell), hinsvegar geti umferð á vegslóða með línuvegi vestan Veggjafells hugsanlega haft áhrif á heimkynni snæuglunnar.

Vakin er athygli á þessu, en bent á að eingöngu umhverfisáhrif línunnar austan Veggjafells eru til umfjöllunar og úrskurðar nú. Lega línu vestan Veggjafells hefur þegar verið staðfest af umhverfisráðherra.

Áhrif á fornleifar

Áður en að framkvæmdum við Fljótsdalslínu 1 (Fljótsdalsvirkjun-Veggjafell) kemur, þarf að hafa farið fram vettvangskonun fornleifa á og við fyrirhugað línustæði í Jökuldal, í samræmi við tilmæli Þjóðminjasafns Íslands. Leiði niðurstöður þeirrar konunar í ljós að Fljótsdalslína 1 (Fljótsdalsvirkjun-Veggjafell) muni raska fornleifum þarf að endurskoða legu línunnar á því svæði.

Minnt er á skyldur framkvæmdaraðila samkvæmt þjóðminjalögum nr. 88/1989 finnast fornleifar við framkvæmdirnar.

Áhrif á landnotkun og landnýtingu

Lega línunnar ætti ekki að takmarka landnotkun eða landnýtingu beint að öðru leyti en því að ekki má reisa hús á um 54 metra breiðu beltum umhverfis línuna.

Frankvæmdatími, endurmat

Verði tafir á framkvæmdum við Fljótsdalslínu 1 (Fljótsdalsvirkjun-Veggjafell) og forsendur mats á umhverfisáhrifum breytist varðandi virkjunaráform, línuleiðir, möguleika á jarðstreng eða annað sem áhrif hefur á niðurstöðu matsins gæti þurft að endurmeta áhrif framkvæmdarinnar, sbr. ákvæði 21. greinar reglugerðar nr. 179/1994 um mat á umhverfisáhrifum.

5. SKIPULAG

Unnið er að gerð svæðisskipulags fyrir miðhálandi Íslands, en um helmingur fyrirhugaðs línustæðis Fljótsdalslínu 1 (Fljótsdalsvirkjun-Veggjafell) liggur innan þess skipulagssvæðis. Ekki hefur enn verið mótuð ákveðin stefna í þeirri vinnu um raflínulagnir á hálendinu og ekki er gert ráð fyrir að svæðisskipulagstillaga miðhálandisins verði lögð fram fyrir en 1997.

Fyrirhuguð Fljótsdalslína 1 (Fljótsdalsvirkjun-Veggjafell) mun liggja um Fljótsdals-, Jökuldals- og Skútustaðahreppa.

Skipulagsstjórn ríkisins heimilaði auglýsingu á skipulagstillögu að Fljótsdalslínu 1 (Fljótsdalsvirkjun-Veggjafell) skv. 17. og 18. grein skipulagslaga nr. 19/1964 á fundi sínum 30. mars 1994. Tillagan var auglýst 6. maí 1994 og lá frammi til kynningar í sveitarfélögunum þremur til 20. júní 1994. Að loknum kynningartíma bárust Fljótsdalshreppi og Jökuldalshreppi athugasemdir frá Náttúruverndarráði, en Skútustaðahreppi bárust 12 athugasemdir sem að mati sveitarstjórnar áttu allar við legu Fljótsdalslínu 1 vestan Veggjafells sem þá hafði þegar verið staðfest af umhverfisráðherra. Sveitarstjórnirnar þrjár samþykktu allar fyrir sitt leyti skipulagstillöguna. Formleg afgreiðsla skipulagsstjórnar ríkisins bíður niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum línunnar.

6. ÚRSKURÐARORÐ

Samkvæmt 8. grein laga nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum hefur skipulagsstjóri ríkisins farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, ásamt umsögnum, athugasemdum og svörum framkvæmdaraðila við þeim.

Fallist er á fyrirhugaða lagningu Fljótsdalslínu 1, frá Fljótsdalsvirkjun að Veggjafelli norðan Herðubreiðarfjalla, eins og henni er lýst í framlagðri frummatsskýrslu.

Fallist er á framkvæmdina með þeim skilyrðum að:

1. Samráð verði haft við Náttúruverndarráð um endanlega staðsetningu mastra með það að markmiði að halda jarðraski og sjónrænum áhrifum línunnar í algjöru lágmarki.
2. Samráð verði haft við Náttúruverndarráð um legu og útfærslu vegslóða með línu, val á efnistöðum og afmörkun svæða fyrir vinnubúðir.
3. Samráð verði haft við viðkomandi sveitarstjórnir og landeigendur um staðsetningu og hlutverk vegslóða sem lagðir verða vegna línunnar.
4. Samráð verði haft við Vegagerðina um hæð línu og staðsetningu og gerð mastra þar sem línan þverar vegi og um tengingu vegslóða við þjóðvegi.
5. Fram fari vettvangskonun fornleifa þar sem línan fer um Jökuldal til að ganga úr skugga um að framkvæmd raski ekki fornleifum þar.
6. Samráð verði haft við embætti veiðistjóra um tímasetningu framkvæmda með tilliti til hreindýra á Fljótsdals- og Jökuldalsheiðum.
7. Tekið verði fullt tillit til ábendinga Rafmagnseftirlits ríkisins varðandi lágmarkshæð línunnar með tilliti til snjóalaga, umferðar undir línuna og lækkunar vegna umhverfissjónarmiða.
8. Samráð verði haft við Landgræðslu ríkisins um tilhögun uppgræðslu á þeim svæðum sem raskað verður við framkvæmdir.

Óheimilt er að hefja framkvæmdir fyrr en ofangreindum skilyrðum nr. 1-6 hefur verið fullnægt og gerð hefur verið grein fyrir niðurstöðum til skipulagsstjóra ríkisins.

7. KÆRUFRESTUR

Samkvæmt 14. grein laga nr. 63/1993 má kæra úrskurð skipulagsstjóra ríkisins til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá því að hann er birtur eða kynntur viðkomandi aðila.

Reykjavík 31. ágúst 1995,

Stefán Thors

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir